



Öskudagur í Hofsstaðaskóla

Á öskudag 25. febrúar 2009 ætlum við að eiga skemmtilega stund saman í skólanum, starfsfólk og nemendur. Skólastarf hefst kl. 8:30 og lýkur kl. 12:15 að loknum hádegismat og telst því skertur skóladagur. Eins og aðra daga hafa nemendur með sér hollt og gott nesti í morgunhressingu og þeir sem ekki eru í mataráskrift hafa einnig með sér hádegismat.

Mælst er til að nemendur mæti í einhvers konar búningi. Vopn sem fylgihlutir við búninga eru leyfð en ekki til að berjast með.

Hefðbundin stundatafla er lögð til hliðar og í staðinn geta nemendur valið á milli ýmissa verkefna.

- ☺ Syngjum saman
- ☺ Diskótek
- ☺ Hreyfing í íþróttahúsi
- ☺ Öskupokasaumur
- ☺ Andlitsmálun
- ☺ Grímu- og hattagerð
- ☺ Tölvur
- ☺ Spil og tafl



Foreldrar eru velkomnir í skólann.

Tómstundaheimili: Nemendur sem eru alla jafnan í tómstundaheimilinu eftir skóla geta farið þangað kl. 12:15 þegar skóla lýkur. Vinsamlega láta vita í tómstundaheimilið á gretas@hofsstadaskoli.is ef þið ætlið ekki að nýta ykkur það.

Bestu kveðjur
skólastjórnendur